



Siðareglur Knattspyrnufélagsins Fram

Markmið Knattspyrnufélagsins Fram með siðareglum er að veita öllum þeim sem koma að starfi félagsins skýrar leiðbeiningar í leik og starfi. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Siðareglur Fram byggja á siðareglum ÍSÍ og ÍBR, eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi.

Kynntu þér og tileinkaðu þér þær siðareglur sem hér er að finna.

1. Komdu fram af heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
2. Gættu trúnaðar og þagmælsku í stöfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningaskyldu.
3. Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hvers konar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
4. Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlan, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum.
5. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happadrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
6. Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðuleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.

Hegðunarviðmið Fram má finna hér.

Siðareglur Fram voru samþykktar í aðalstjórn Fram 10. mars 2021.